

viðtökudrátt á greiðslum af hálfu stefnanda að ræða, er riftunarkröfu stefnanda í máli þessu hrundið.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að gjalda stefnda málskostnað. Stefndi lagði fram málskostnaðarreikning við munnlegan flutning málsins að fjárhæð kr. 1.032.575. Lögmaður stefnanda lýsti því yfir við málflutninginn, að hann veðfengi ekki reikning þennan tölulega, og þar sem hann er í samræmi við gjaldskrá LMFÍ, verður hann tekinn til greina óbreyttur.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Árna Stefánssyni og Einari Sigurðssyni, hæstaréttarlögmönnum og fasteignasölum.

Dómsorð:

Riftunarkröfu stefnandans, Helga Péturssonar, á kaupsamningi, dags. 18. mars 1975, um fasteignina Tómasarhaga 15, Reykjavík, er hrundið.

Stefnandi, Helgi Pétursson, greiði stefnda, Sigurði Jónssyni, kr. 1.032.575 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. júní 1977.

Nr. 154/1975. Páll Eiríksson

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

Landsvirkjun

Jóni N. Vilhjálmssyni og

Almennum Tryggingum h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Lögveðréttur í bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 22. október 1975. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða sér 7.665.480 krónur með 7% ársvöxtum frá 11. desember 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 432.428 krónum. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu. Loks krefst hann viðurkenningar á lögveðsrétti í bifreiðinni R 21591 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

I.

Að morgni 11. desember 1969, um kl. 0900, varð árekstur á Vesturlandsvegi við mót Bæjarháls milli bifreiðar áfrýjanda og bifreiðar, sem stefndi Jón N. Vilhjálmsson ók. Er þetta rakið í hinum áfrýjaða dómi. Var þá enn myrkt af nóttu og snjócoma. Gögn máls benda til, að hálka hafi verið á veginum. Við þessar aðstæður bar báðum ökumönnum að gæta sérstakrar varúðar. Þykir hvorugur þeirra hafa gert það sem skyldi. Höfuðsök á árekstrinum hvílir á áfrýjanda, sem ók inn á Vesturlandsveg, þar sem biðskylda er, án þess að hyggja nægilega að ökutækjum, er komu eftir þeim vegi. Samkvæmt skýrslum aðilja hefur áfrýjandi verið kominn að minnsta kosti 15 metra frá gatnamótunum, þegar stefndi Jón ók aftan á bifreið hans, og styður það þá niðurstöðu, að stefndi Jón hafi ekki sýnt þá varúð, sem honum bar, og ekið hraðar en aðstæður leyfðu. Að þessu aðgættu þykir rétt að skipta sök svo, að áfrýjandi fái bætt tjón sitt, er hann sækir í þessu máli, að einum þriðja hluta.

II.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, fór áfrýjandi á skurðlækningadeild Borgarspítalans eftir slysið. Meðal gagna máls er áverkavottorð Frosta Sigurjónssonar, dr. med., dag-

sett 14. janúar 1970. Í vottorðinu er meiðslum áfrýjanda lýst svo:

„Röntgenmyndir af hálslíðum, teknar strax, sýndu greinilega brot á efri frambrún á v. hálslíð, ennfremur greinileg merki um slitbrot frá liðfletinum á C:IV báðum megin. Rannsókn taugasérfræðings (Gunnars Guðmundssonar) leiddi í ljós greinileg taugarótareinkenni, svarandi til áhrifasvæðis III. og IV. hálstaugar á báðum handleggjum og herðum.

Páll var meðhöndlaður hér frá 12.12—23.12 á handlækn-ingadeild Borgarspítalans. Hann kvartaði stöðugt um mikla verki í hálsi. Verkir þessir leiddu upp í höfuð að aftan og út í handleggi. Við útskrift hinn 23.12 hafði hann enn verki í hálsi. Hann var sendur heim með hálskraga“.

Hálskraga þennan hafði áfrýjandi um það bil þrjá mánuði.

Í umsögn Gunnars Guðmundssonar yfirlæknis, dags. 18. ágúst 1972, segir, að hann hafi framkvæmt taugaskoðun á áfrýjanda þrívægis, síðast 25. maí 1972. Í álitum yfirlæknisins greinir, að áfrýjandi hafi „fengið skemmd á taugarætur (plexus) C2-Th2, með tímabundnum lömum vinstra megin (C5-C7)“. Hafi hann misst meðvitund smástund, „sem bendir til heilahristings (commotio cerebri), en gæti einnig bent til truflana frá efsta hluta mænu“. Einnig sáust röntgenbreytingar á hálslíðum. Yfirlæknirinn telur, að kvartanir þær og einkenni, sem fram hafi komið hjá áfrýjanda, verði að teljast afleiðing áverkans. Síðan segir: „Vafalaust er einnig um að ræða nokkra post traumatíska neurosu“. Ástand áfrýjanda telur yfirlæknirinn hafa verið óbreytt frá því í september 1970, og telur hann „sennilegt, að hér sé um varanlegt ástand að ræða . . .“.

Páll Sigurðsson, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, mat örorku áfrýjanda, og er mat hans dagsett 2. september 1972. Í niðurstöðu þess segir svo:

„Ályktun: Hér er um að ræða 31 árs gamlan mann, sem slasaðist í bifreiðarslysi fyrir tæplega 3 árum. Við slysið hlaut hann áverka á hálslíði og mun hafa misst meðvitund stutta stund við slysið. Hann fékk tímabundna lömun á

vinstri handlim og mun hafa fengið skennd á taugarætur við slysið.

Einkenni mannsins og óþægindi nú eru vafalaust afleiðingar slyssins, og verður því að telja, að hann hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 1 mánuð 100% örorka
 í 6 mánuði 50% örorka
 í 6 mánuði 35% örorka
 og síðan varanleg örorka 20%.

Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur áætlaði tjón áfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku 26. október 1972 á grundvelli framangreinds örorkumats. Segir svo í áætlun hans:

„Páll er sagður fæddur 18. ágúst 1944 og hefur samkvæmt því verið 28 ára að aldri, er hann slasaðist. Hann lauk kandidatesprófi í læknisfræði í júnímánuði 1969 og starfaði sem læknakandidat á Kleppsspítalanum, er hann slasaðist. Hann mun nú stunda framhaldsnám erlendis.

Þar sem Páll var við nám árin fyrir slysið, er ekki unnt að leggja þau til grundvallar áætlun um framtíðarvinnutekjur. Mér er ekki kunnugt um upplýsingar um meðaltekjur lækna almennt, en hins vegar liggja fyrir nokkrar upplýsingar um launakjör sjúkrahúslækna.

Ég hefi því valið þann kost að áætla Páli framtíðarvinnutekjur á grundvelli launakjara sjúkrahúslækna. Tek ég þá ekki tillit til náms hans erlendis nú, en miða eingöngu við kjör hér heima.

Ég geri ráð fyrir, að Páll hafi tekið laun sem aðstoðarlæknir frá 1. júlí 1970. Miða ég við 1. launastig í hálfu ári og síðan hækkandi um eitt launastig á ári, þannig að miðað er við laun samkvæmt 5. launastigi frá 1. jan. 1975. Frá 1. jan. 1977 geri ég ráð fyrir, að Páll taki laun sem sérfræðingur eftir 6 ára starf. Auk fastra launa geri ég ráð fyrir launum fyrir 46½ stund á mánuði vegna yfirvinnu og 41 stund vegna gæzluvakta, meðan Páll er kandidat og aðstoðarlæknir, og 37 stunda á mánuði vegna yfirvinnu og 95 stunda vegna

gæzluvakta eftir að hann er orðinn sérfræðingur. Við þessa áætlun er stuðst við upplýsingar frá framkvæmdastjóra Læknafélags Reykjavíkur um meðalfjölda yfirvinnu- og gæzluvaktastunda sjúkrahúslækna. . . .

Verðmæti vinnutekjutaps, sem gert er ráð fyrir, að sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin, reiknast mér nema á slysdegi:

	Vegna fastra l.	Vegna yfirv.	Vegna gæzlu- vakta	Samtals
V. tímab. örorku	214.271.00	54.973.00	9.989.00	279.233.00
V. varanl. örorku	2.225.595.00	592.438.00	242.817.00	3.060.850.00

Samtals kr. 2.439.866.00 647.411.00 252.806.00 3.340.083.00

Verðmæti tekjutaps vegna tímabundinnar örorku skiptist þannig, að kr. 122.756.00 eru vegna 20% örorku, en kr. 156.477.00 vegna örorku umfram 20%.

Sé gert ráð fyrir sama tapi á hluta sjúkrahúsanna í framlagi til lífeyrissjóðs, reiknast mér verðmæti tapsins hækka um kr. 124.173.00.

Ef annar yfirvinnu- og gæzlustundafjöldi er lagður til grundvallar, má auðveldlega finna verðmæti tapsins hlutfallslega, svo fremi sama hlutfallsbreyting er á stundafjöldanum miðað við bæði aðstoðarlækni og sérfræðing.

Hér hefur ekki verið gerð áætlun um tekjur vegna eigin „praksis“, en algengt mun vera, að sjúkrahúslæknar stundi sjúklinga utan sjúkrahúsanna.

Við útreikningana hefur ekki verið tekið tillit til launagreiðslna þann tíma, sem Páll var frá vinnu vegna slyssins. Ekki hefur heldur verið tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu.“

Tryggingastærðfræðingurinn áætlaði tjón áfrýjanda að

nýju 27. ágúst 1972 og enn 25. júní 1975. Í þeirri áætlun segir svo:

„Sömu forsendur eru notaðar við áætlun framtíðarvinnutekna, en bent skal á, að kaup fyrir yfirvinnu og gæzluvaktir hefur hækkað til muna meir en föst laun, en ég hef ekki getað aflað nýrra upplýsinga um meðalfjölda yfirvinnustunda og gæzluvaktastunda. Gert er ráð fyrir, að sjúkrahússlæknar fái launajöfnunarbætur, kr. 13.700.00 á mán. á laun frá 1. júlí n. k.

Áætlaðar vinnutekjur verða þá sem hér segir:

	Föst laun	Laun fyrir yfirvinnu	Laun fyrir gæzlu- vaktir	Laun samtals
1. árið eftir slysið	446.311	114.502	20.762	581.575
2. — — —	578.522	133.306	23.818	735.846
3. — — —	717.044	247.825	48.801	1.013.670
4. — — —	892.112	304.904	57.033	1.254.049
5. — — —	1.297.059	574.481	102.364	1.973.904
6. — — —	1.542.865	688.889	127.023	2.358.777
7. — — —	1.637.100	761.252	134.781	2.533.133
8. — — —	2.012.029	753.091	373.959	3.139.079
9.—16. — — —	2.034.084	752.611	388.028	3.174.723
17. — — —	2.169.914	802.868	413.939	3.386.721
Síðan árlega	2.177.904	805.824	415.464	3.399.192

Verðmæti vinnutekjutaps, áætlað á sama hátt og í fyrri útreikningum, reiknast mér nema á slysdegi miðað við 7% vexti p. a.:

	Vegna fastra launa	Vegna yfirvinnu vakta	Vegna gæzlu- vakta	Samtals
Vegna tímab. örorku	214.271	54.973	9.989	279.233
Vegna varanl. örorku	4.316.217	1.547.615	668.576	6.532.408

Samtals kr. 4.530.488 1.602.588 678.565 6.811.641

Sé gert ráð fyrir sama tapi á hluta sjúkrahúss í iðgjaldi til lífeyrissjóðs, reiknast mér verðmæti tapsins hækka um kr. **249.611.00.**

Ef miðað er við 7% vexti p. a. til 15. maí 1973 og 9% síðan, reiknast mér verðmæti tapsins nema á slysdegi:

	Vegna fastra launa	Vegna yfirvinnu	Vegna gæzlu- vakta	Samtals
Vegna tímab. örorku	214.271	54.973	9.989	279.233
Vegna varanl. örorku	3.387.407	1.281.270	534.887	5.203.564
Samtals kr.	3.601.678	1.336.243	544.876	5.482.797

Ef miðað er við 7% vexti p. a. til 15. maí 1973, 9% frá 16. maí til 15. júlí 1974 og 13% vexti p. a. síðan, reiknast mér verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps nema:

Vegna tímab. örorku	214.271	54.973	9.989	279.233
Vegna varanl. örorku	2.558.769	972.488	379.531	3.910.688
Samtals kr.	2.773.040	1.027.461	389.520	4.189.921

Reiknigrundvöllur er hinn sami og í fyrri útreikningum að öðru leyti en því, að hér eru notaðar þrjár mismunandi vaxtaforsendur, en almennir innlánsvextir hækkuðu í 9% 16. maí 1972 og í 13% p. a. 16. júlí 1974.“

Hinn 6. maí 1977 áætlaði tryggingastærðfræðingurinn enn örorkutjón áfrýjanda að því er varðar tap fastra launa. Reiknaðist honum þá verðmæti þess vinnutekjutaps miðað við 7% ársvexti til 15. maí 1972 og 9% ársvexti eftir það 4.675.247 krónur, en 3.361.219 krónur miðað við 7% ársvexti til 15. maí 1972, 9% ársvexti frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvexti eftir það. Í áætlun þessari segir, að gera megí ráð fyrir, að hlutfallsleg hækkun verðmætis tekjutaps vegna yfirvinnu og gæsluvakta sé mjög svipuð og á verðmæti

tekjutaps vegna fastra launa. Reiknigrundvöllur var hinn sami og í fyrri útreikningum.

Að beiðni lögmanns stefndu voru þeir Ragnar Aðalsteins-son hæstaréttarlögmaður, Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur og Sverrir Bergmann taugalæknir dómkvaddir til „að segja álit sitt á tekjuöflunarmöguleikum“ áfrýjanda eftir slysið. Matsgerð þeirra er dagsett 26. apríl 1975. Segir þar m. a. svo:

„Matsmaðurinn Sverrir Bergmann ræddi við matsþola og gerði á honum neurologiska skoðun í lok september 1974, og kom þá meðal annars eftirfarandi í ljós:

Matsþoli hlaut þá læknismeðferð eftir slysið, sem helst er hægt að bjóða uppá. Hann hefur og með íþróttaiðkunum reynt að halda sér í góðu líkamlegu ástandi. Í viðtölum við Pál kom fram, að hann telur úthald sitt til líkamlegrar og andlegrar vinnu mikið minnkað frá því, sem var fyrir slysið, og kennir þar um óeðlilegri þreytu, er sækir í herðar og hálsliði, og þá leiðir til höfuðverkjar og óstöðugleika, og fer þá á eftir, að einbeiting og minni verður verra. Jafnframt sé ljóst, að þessi einkenni hafa lítið breytt sér um langt skeið og að álit matsþola hafi þá ekkert breytzt, hvorki til hins betra né hins verra frá því snemma árs 1972. Hafi því engin breyting orðið á úthaldi hans og vinnugetu frá því sem þá var. Neurologisk skoðun matsmannsins sýndi enn merki um hyperæstesiú frá C II-Th II, en annars er neurologiska skoðunin innan eðlilegra marka. Lamanir hafa því horfið, en merki séu ennþá um tognanir á taugaplexusum beggja vegna. Staðsetning í taugaplexusum sé líklegri heldur en í rótunum sjálfum bilateralt, en skipti ekki höfuðmáli. Niðurstöður matsmannsins voru þær, að um mikinn Whiplash-áverka hafi verið að ræða og einnig sé ljóst, að upp sé komið hjá matsþola varanlegt ástand, sem hafi áhrif á úthald hans og þar með vinnugetu“.

Í niðurlagi matsgerðarinnar segir:

„Niðurstaða matsmanna er því sú, að líklegt sé, að slys það, er matsþoli varð fyrir hinn 11. desember 1969, muni ekki skerða hæfni matsþola til að afla sér tekna af dag-

vinnu, þ. e. með vinnu í 40 st. á viku. Matsmenn telja á hinn bóginn, að hæfni matsþola til að afla sér hámarkstekna sem læknir með sérfræðimenntun muni skerðast, en sú skerðing verði lítil fyrstu árin, en hún muni aukast eftir því sem matsþoli eldist, og þá bæði fyrr og meir en ef matsþoli hefði ekki orðið fyrir slysinu. Matsmenn ítreka þann fyrirvara, að þeir taka ekki afstöðu til þess, hvort þær aðstæður til öflunar hámarkstekna, sem nú ríkja í þessu þjóðfélagi, muni haldast óbreyttar í framtíðinni. Með hliðsjón af óvissuþáttum þeim, sem fram hafa verið dregnir í matsgerð þessari, telja matsmenn sér ekki fært að segja til um í hundraðshlutum, hver verði þróun skerðingar á tekjuöflunarhæfni matsþola, né heldur hversu mikil skerðingin verði, þegar hún er minnst og þegar hún er mest á starfssviði matsþola.“

Meðal gagna máls er einnig umsögn Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, en þar segir, að hann hafi að beiðni lögmanns stefndu „athugað útreiknaðar niðurstöður á verðmæti varanlegrar örorku þeirrar, er Páli Eiríkssyni lækni var metin vegna afleiðinga slyss, er hann varð fyrir 11. des. 1969. Í ljósi matsgerðar þeirrar, er gerð var vegna skaðabótamáls hans“. Í niðurlagi álitsgerðar þessarar segir svo:

„Ef gera á tilraun til að fá niðurstöðu um eðlilegt vinnutekjutap, sem byggist á **skertri tekjuöflunarhæfni**, en ekki er bundin **hreinu læknisfræðilegu mati**, má styðjast mikið við matsgjörðina, þótt hin mjög svo skiljanlegu lokaorð hennar geri erfitt viðureignar.

Eftirfarandi ályktanir tel ég, að draga megí af matsgjörðinni:

1. Engin skerðing þarf að verða á hæfni tjónþola til að afla sér fullra dagvinnutekna sem sérfræðingur í geðsjúkdómum vegna afleiðinga slyssins.
2. Sama virðist mega segja um venjulegar gæzluvaktir, þó e. t. v. sé á veikari rökum reist.
3. Ljóst tel ég, að vinna umfram þetta er vart hugsanleg nema að einhverju leyti fyrstu árin. Ef til þess kæmi, að tjónþoli legði svo hart að sér, yki það að líkum þjáningar og óþægindi. Matsmenn virðast gera ráð fyrir, að nokkra

yfirvinnu geti tjónþoli stundað að einhverju leyti fyrstu árin.

Samkvæmt þessu yrði ekki um neitt varanlegt vinnutekjutap að ræða vegna fastra launa, en verðmæti þess liðar nemur á slysdegi **kr. 2.558.769.00** í síðasta útreikningi Bjarna (þ. e. Bjarna Þórðarsonar tryggingarstærðfræðings).

Mjög takmarkað tjón yrði vegna gæzluvakta, en slysdagsverðmæti þess nemur **kr. 379.531.00**.

Megin tjónið er því fólgið í tekjutapi vegna yfirvinnu, sem reiknast nema á slysdegi **kr. 972.488.00**.

Allar þessar tölur eru eðlilega miðaðar við, að varanlega tapið sé 20%. Matsmenn kváðust ekki treysta sér til að meta hundraðshluta og þá því síður ég.“

Áfrýjandi starfar nú á sjúkrahúsi í Osló við geðlækningar, en hefur ekki hlotið viðurkenningu sem sérfræðingur á því sviði.

Fjákröfur áfrýjanda fyrir Hæstarétti eru hærri en hafðar voru uppi í héraði. Ekki eru efni til að leyfa hækkun þessa samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi sundurliðaði kröfur sínar þannig í héraði:

1. Örorkubætur.

a. Vegna tímabundinnar örorku	279.233	krónur
b. Vegna varanlegrar örorku	6.532.408	—
c. Vegna taps á hluta sjúkrahúss í ið- gjaldi til lífeyrissjóðs	249.611	—
2. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi ..	300.000	—

Samtals 7.361.252 krónur.

Frá fjárhæð þessari telur áfrýjandi, að draga beri 377.428 krónur, sem hann hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og 55.000 krónur, sem hann hefur fengið greiddar frá stefnda Almennum Tryggingum h/f.

Örorkubótakrafan var byggð á áætlun Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings 25. júní 1975, sem rakin er hér að framan, og verðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku reiknað miðað við 7% ársvexti. Eins og í áætl-

uninni greinir, er verðmæti vinnutekjutapsins vegna varanlegrar örorku mun lægra, ef miðað er við hærri vexti eftir 16. maí 1973.

Áfrýjandi var starfandi læknir á Kleppsspítala, þegar hann varð fyrir slysinu. Hann hóf störf að nýju í ársbyrjun 1970, og verður við það að miða, að hann hafi engin laun haft þann tíma, er hann var frá vinnu. Tjón hans vegna örorku þykir hæfilega metið 2.700.000 krónur, þegar frá hafa verið dregnar þær 377.428 krónur, sem hann hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins. Tjón áfrýjanda vegna þjáninga og óþæginda þykir hæfilega metið 150.000 krónur. Samkvæmt því nemur heildartjón hans 2.850.000 krónum, og ber stefndu að greiða honum óskipt einn þriðja hluta þeirrar fjárhæðar, að frádregnum þeim 55.000 krónum, sem stefndi Almennar Tryggingar h/f hafa þegar greitt honum, eða 895.000 krónur ásamt vöxtum eins og krafist er.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 400.000 krónur.

Samkvæmt 4. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 ber að viðurkenna lögveðrétt í bifreiðinni R 21591 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Jón N. Vilhjálmsson, Landsvirkjun og Almennar Tryggingar h/f, greiði óskipt áfrýjanda, Páli Eiríkssyni, 895.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 11. desember 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Viðurkenndur er lögveðréttur í bifreiðinni R 21591 til tryggingar dæmdum fjárhæðum úr hendi stefndu.

Dóminum ber að fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júlí 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. júlí sl., hefur Páll Eiríksson læknir, til heimilis að Aratúni 17, Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. september 1973, á hendur Jóni N. Vilhjálmssyni, Lækjartúni 1, Lágafelli, Mosfellssveit, Landsvirkjun, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, og Almennum tryggingum h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða honum kr. 7.361.252 með 7% ársvöxtum frá 11. desember 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 432.428. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins.

Enn fremur krefst stefnandi lögveðs í bifreiðinni R 21591 fyrir dæmdum bótafjárhæðum samkvæmt 4. mgr. 69. gr. umferðarlaga.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins. Til vara gera stefndu þær dómkröfur, að fjárkröfur stefnanda verði lækkaðar með dómi réttarins og málskostnaður í því tilfelli felldur niður.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. desember 1969, kl. u. þ. b. níu fyrir hádegi, varð árekstur á Vesturlandsvegi milli Land Rover bifreiðarinnar R 21591, eign Landsvirkjunar, ökumaður hennar var stefndi Jón Vilhjálmsson, og Saab bifreiðarinnar, G 3697, sem stefnandi átti og ók í umrætt sinn.

Nánari atvik að slysinu voru þau, að stefnandi hugðist aka af Bæjarhálsi inn á Vesturlandsveg og eftir þeim vegi til vesturs. Er hann kom að Vesturlandsvegi, kveðst hann hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 21591, um 200 metra austan gatnamótanna, og taldi hann þá bifreið það fjarri, að hann truflaði ekki akstur hennar, þótt hann héldi áfram inn á Vesturlandsveg. Ók stefnandi því án þess að stansa inn á Vesturlandsveg og kveðst hafa farið rակleitt á hægri akrein vegarins og verið kominn á 50 km hraða, þegar bifreiðinni R 21591 hafi verið ekið harkalega aftan á bifreið hans.

Stefndi Jón N. Vilhjálmsson, ökumaður bifreiðarinnar R 21591,

hefur borið, að hann hafi í umrætt sinn ekið vestur Vesturlandsveg á um það bil 60 km hraða. Nokkru áður en hann hafi komið að Bæjarhálsi, kveðst hann hafa séð bifreið stefnanda, sem ekið hafi verið norður Bæjarháls. Hann kveðst hafa hægt á ferðinni nokkru áður en hann nálgast gatnamótin, en þá kvaðst Jón hafa verið búinn að sjá, að bifreið stefnanda hafi dregið úr ferðinni, þannig að hann taldi þá bifreið mundu nema staðar. Kvaðst Jón því hafa gefið upp hemlana og haldið áfram, en rétt áður en hann hafi komið að gatnamótum, hafi bifreið stefnanda verið ekið inn á Vesturlandsveginn og árekstur þá verið óumflýjanlegur.

Tveir lögreglumenn komu á vettvang eftir slysið og tóku skýrslu af öikumönnum bifreiðanna og gerðu uppdrátt af vettvangi. Samkvæmt þeirri skýrslu er skemmdum á bifreiðinni R 21591 lýst þannig: „Framhöggvari dældaður“. Skemmdum á bifreiðinni G 3697 er lýst þannig: „Vinstra afturbretti dældað, afturhöggvari, farangursgeymslulok, svunta.“ Báðar bifreiðarnar voru á negldum snjóhjólbörðum. Þegar áreksturinn varð, var myrkur, snjókoma, og í lögregluskýrslunni segir, að hálka hafi verið. Yfirborð vegarins þarna var malbikað.

Á uppdrætti, sem annar lögreglumaðurinn gerði af vettvangi, segir, að 60 m séu að Bæjarhálsi. Í yfirheyrslu hér fyrir réttinum útskýrði hann þessa fjarlægð þannig, að hún væri frá afturenda bifreiðarinnar R 21591 að veglínu Bæjarháls, þeirri sem nær er bílunum.

Stefnandi hefur borið, að hann álíti, að lengra hafi verið að gatnamótunum frá slyssstað en 60 metrar. Kveðst hann hafa stíkað út hemlaför bifreiðarinnar R 21591 frá gatnamótum Bæjarháls og það hafi verið greinileg 40 metra för í átt að slyssstaðnum, en það hafi verið þó nokkur spölur í bifreiðina, örugglega meira en 20 metrar.

Stefndi Jón N. Vilhjálmsson hefur borið, að hann geri ráð fyrir því að hafa átt eftir 10—15 metra að gatnamótum Bæjarháls, þegar stefnandi hafi ekið inn á gatnamótin. Hann kveðst þá hafa hemlað strax, en bíllinn hafi runnið áfram hjá sér eins og sleði, þar sem glerhálka hafi verið. Jón kvaðst hafa reynt að aka fram hjá bifreið stefnanda, en það hafi verið ómögulegt að komast fram hjá henni, þar sem hún hafi verið þarna á miðjum veginum. Jón kvað snjómuðu hafa verið, þegar hann hafi lagt af stað heiman að frá sér frá Lækjartúni, og þaðan að gatnamótunum hafi verið um það bil 15 mínútna akstur. Hann kvaðst hafa

haldið jöfnum hraða og ekið á 60 km hraða, enda hafi hann ekki borað að fara hraðar vegna hinnar miklu hálku. Hann kveðst hafa verið búinn að hægja mikið á sér, þegar hann kom að gatnamótunum og telur sig hafa verið á um það bil 50 km hraða í mesta lagi.

Jón N. Vilhjálmsson taldi, að áreksturinn hafi orðið um það bil 15 metra frá gatnamótunum. Við áreksturinn hafi bifreið stefnanda skutlast áfram og út á hægri kantinn og farið stjórnlaust í um það bil 40—50 m að áliti Jóns. Jón kveðst hafa fært bifreið sína lengra frá gatnamótunum eftir áreksturinn og út á hægri kantinn, þar eð hann hafi talið hættu stafa af bifreiðinni, þar sem hún stóð eftir áreksturinn, enda hafi verið slæmt skyggni í umrætt sinn og snjóugga.

Engir sjónarvottar munu hafa verið að árekstri þessum.

Við áreksturinn hlaut stefnandi mikinn slink á hálsinn og kenndi strax verkja og stirðleika í hálsliðum, en hlaut ekki önnur meiðsl. Fór hann á slysadeild Borgarspítalans samdægurs til skoðunar, og voru þá teknar röntgenmyndir af hálsliðum, er sýndu, „að efri framkanturinn á 5. hálsliðbolnum hafði þrýstst ofurlítið niður, og ennfremur sást, að slitnað hafði upp úr liðtindunum á 4. hálslið báðum megin.“

Páll Sigurðsson læknir mat örorku stefnanda, og var niðurstaða hans sú, að stefnandi hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku vegna slyssins, sem læknirinn taldi hæfilega metna þannig: Í einn mánuð 100% örorka, í sex mánuði 50% örorka, í sex mánuði 35% örorka og síðan varanleg örorka 20%.

Bjarni Þórðarson, cand. act., hefur reiknað út örorkutjón stefnanda af völdum slyssins. Í útreikningi, dagsettum 25. júní 1975, telst honum tímabundið og varanlegt örorkutjón stefnanda miðað við 7% vexti per anno nema kr. 6.811.641, og miðar stefnandi kröfugerð sína við þá fjárhæð. Við þá upphæð bætir stefnandi tapi á hluta sjúkráhúss í iðgjaldi til lífeyrissjóðs, sem tryggingafræðingnum reiknast að verðmæti kr. 249.611. Enn gerir stefnandi kröfu til 300.000 króna bóta vegna óþæginda og þjáninga af völdum meiðslanna. Samtals nema þessar tölur kr. 7.361.252. Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi kr. 432.428, sem eru greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð kr. 377.428 og kr. 55.000 frá Almennum tryggingum h/f, en hjá því félagi var bifreiðin R 21591 tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu.

Við munnlegan flutning málsins skýrði lögmaður stefndu svo frá, að hann hefði upplýsingar um það frá Veðurstofu Íslands, að

við veturathugun á athugunarsvæði í Reykjavík kl. 0845 daginn, sem slysið varð, hafi verið 5.9 gráðu frost, snjór yfir öllu og úrkoma í grennd.

Af hálfu lögmanns stefnanda var þessari yfirlýsingu umboðsmanns stefndu ekki mótmælt sem efnislega rangri, en á það bent af hans hálfu, að veðurathugunarstöðin sé ekki á því svæði, sem áreksturinn varð.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að stefndi Jón N. Vilhjálmsson hafi átt alla sök á árekstrinum. Eins og árekstrinum sé lýst í gögnum, þá hafi hér ekki verið um að ræða gatnamótaárekstur í venjulegum skilningi, heldur aftanáakstur eða árekstur við framúrakstur. Lýsingum ökumanna beri ekki samán. Það, sem gefi sérstakt tilefni til að vefengja framburð stefnda Jóns, sé misræmið milli framburðar hans og uppdráttar lögreglu. Samkvæmt framburði hans hafi hann ekið á um það bil 60 km hraða, síðan dregið úr ferð og rétt áður en hann hafi komið að gatnamótunum, hafi bifreið stefnanda verið ekið inn á Vesturlandsveginn og hafi áreksturinn þá verið óumflýjanlegur. Eftir þessari lýsingu hefði áreksturinn átt að verða þá þegar við gatnamótin. Staðreyndin sé hins vegar sú, að áreksturinn hafi ekki orðið, fyrr en að minnsta kosti 60 m vestan við gatnamótin.

Stefnandi telji aftur á móti, að bifreiðarnar hafi verið meira en 60 m vestan við gatnamótin eftir áreksturinn, en að öðru leyti fari framburður hans ekki í bága við uppdrátt lögreglunnar. Samkvæmt þessu sé ljóst, að stefndi Jón hafi ekið allt of hratt og gáleysislega miðað við aðstæður í myrkri, snjókomu og hálku og hafi ekki haft nægilega stjórn á bifreiðinni.

Vesturlandsvegur sé 12 m breiður á þessum stað og nægilega breiður fyrir fjórar akreinar. Á uppdrættinum sjáist, að stefndi Jón hefði hæglega getað ekið fram úr stefnanda ná nokkurrar hættu og án þess að fara yfir á vinstri vegarhelming. Það hafi jafnvel aðeins munað nokkrum centimetrum, að það tækist. Það bendi meðal annars til þess, að stefndi Jón hafi verið að reyna að aka fram úr, og stefnandi héldi fram, að stefndi Jón hafi blikk-að ljósum bifreiðarinnar, en slíkt sé algengt merki um framúrakstur, sbr. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Þegar gögn málsins séu þannig skoðuð, verði ekki séð að áliti stefnanda, að slysið sé „adæquat“ afleiðing þess, að stefnandi ók bifreið sinni inn á Vesturlandsveg 60 m austar. Verði slysið því engan veginn rakið til brots hans á 48. gr. umferðarlaga, og er því með öllu mótmælt, að hann hafi brotið það ákvæði. Stefndi

Jón hafi hins vegar brotið ákvæði 49. gr. umferðarlaga, 1. og 2. mgr. og b og i liði 3. mgr., með því að aka allt of hratt miðað við þær aðstæður, sem voru, sbr. einnig 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því fyrst og fremst, að stefnandi eigi einn óskipta sök á ökuóhappi þessu með því að sinna ekki biðskyldunni, þegar hann ók af Bæjarhálsi inn á Vesturlandsveg. Í 3. mgr. 48. gr. umferðarlaganna nr. 40/1968 segi, að þar sem sett hafi verið biðskyldumerki, skuli sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inn á eða yfir, hvort sem um aðalbraut sé að ræða eða ekki. Það skuli í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skylt sé að nema staðar, þegar ekki sé fullkomin útsýn yfir veginn.

Þessa skyldu hafi stefnandi brotið, er hann ók í veg fyrir bifreiðina R 21591. Í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar upplýsi stefnandi, að það hafi verið bæði myrkur og snjócoma, þegar atburðurinn skeði, og hafi honum því borið að sýna alveg sérstaka varúð, áður en hann ók inn á aðalbrautina, sbr. niðurlag 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga, sem rakið er hér á undan. Stefnandi viðurkenni einnig, að hann hafi ekki stöðvað við fyrrnefnd gatnamót, heldur ekið hiklaust inn á götuna, en vitað sé, að mjög sé erfitt að meta fjarlægðir við þau skilyrði, sem áður var lýst. Þegar óhappið varð, hafði bæði verið snjór og hálka skv. því, sem upplýst sé í lögregluskýrslu. Augljóst sé, að sjálfur áreksturinn hafi átt sér stað alveg við gatnamótin, því að í snjó og hálku verði bifreiðarnar ekki stöðvaðar á minna en 50—60 metrum, en ökumaður bifreiðarinnar R 21591 segi einmitt í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglunni, að hann hafi fært bifreið sína þangað, sem hún sé sýnd á uppdrættinum, eftir óhappið, þar sem hann taldi mikla slysa hættu stafa af bifreiðinni þar, sem hún stöðvaðist eftir áreksturinn, vegna hálkunnar og skyggisins. Samkvæmt mælingum lögreglunnar hafi reynst 60 metrar að Bæjarhálsi, en ljóst sé, að bifreiðarnar fari langan veg eftir áreksturinn, þar til þær stöðvist.

Niðurstaða dómsins.

Af gögnum málsins telst sannað, að snjór og hálka hafi verið á veginum, þar sem áreksturinn varð. Stefnandi hafði biðskyldu gagnvart umferð um Vesturlandsveg. Þá skyldu virti hann eigi, heldur ók inn á Vesturlandsveg í veg fyrir bifreiðina R 21591. Með því braut hann gegn ákvæði 48. gr., 3. mgr., umferðarlaga

nr. 40/1968 og varð þar með frumvaldur að árekstri þeim, sem á eftir fylgdi.

Engir sjónarvottar voru að árekstrinum, og ekki er sannað fullri sönnun, hversu langt vestan gatnamótanna áreksturinn varð. Stefnandi kveður hann hafa orðið um 40 metra vestan þeirra, en stefndi Jón N. Vilhjálmsson hefur talið fjarlægðina vera í mesta lagi 15 metra frá gatnamótum. Eins og sönnunar- aðsiððu er háttað, ber að túlka þennan vafa stefnanda í óhag, þar sem hann virti ekki biðskyldu. Verður því dómur í máli þessu á því reistur, að áreksturinn hafi orðið í mesta lagi 15 metr- um vestan gatnamótanna. Breytir það ekki þessu, þótt bifreið- in R 21591 hafi staðið 60 metrum vestan Bæjarháls, þegar lög- reglumenn komu á vettvang, þar sem hvort tveggja kemur til, að bifreiðin hlýtur að hafa runnið alllangan veg á hálkunni, og enn fremur færði ökumaður hana til — af öryggisástæðum — eftir að hún stöðvaðist. Staða bifreiðanna eftir áreksturinn sann- ar því ekki, hvar sjálfur áreksturinn varð.

Stefndi Jón N. Vilhjálmsson hefur borið, að hann hafi ekið á um það bil 60 km meðalhraða að heiman, en dregið úr ferð, er hann nálgast gatnamótin. Þegar þetta er haft í huga, verður ekki talið sannað, að hann hafi ekið gáleysislega miðað við að- stæður í umrætt sinn, og vegsummerki benda heldur ekki til þess. Hann er þarna á aðalbraut, hann hemlar strax og stefnandi ekur í veg fyrir hann, og hann kveðst síðan hafa reynt að fara fram hjá bifreið stefnanda, en eigi tekist það, þar sem hún hafi verið „alveg á miðjum vegi“. Styðja ákomustaðir bifreiðanna þennan framburð stefnda Jóns N. Vilhjálmssonar.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, telst stefnandi hafa átt alla sök á árekstrinum, og verður hann því að bera tjón sitt einn.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefn- anda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Stafar hann af sumarleyfum.

Dómsorð:

Stefndu, Landsvirkjun, Jón N. Vilhjálmsson og Almennar tryggingar h/f, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefn- andans, Páls Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.